



Rússnesk svartolía

**Gunnlaugur Jónsson**

**Greinargerð GJ-80/04**

Rússneska svartolían, sem keypt er til landsins. inniheldur um 40% af léttum olíum, sem hafa sömu eiginleika og gasolía. Vinnslu gasolíu úr rússneskri svartolíu með eimingu er því áhugaverð meðan verðmunur á svartolíu og gasolíu er verulegur. Dr. Valdimar K. Jónsson og Ólafur Eiríksson hafa sýnt þessu máli sérstakan áhuga, og fóru þess á leit við Orkustofnun og Samband fiskimjölsframleiðanda að fá styrk til að fela Neste Oy í Finnlandi eftirfarandi rannsóknir:

1. Eimingu og efnifræðilega athugun á rússnesku svartolíunni og eimtum hluta hennar.
2. Frumhönnun á tæki til eimingar á svartolíu.

Orkustofnun bauðst til að veita 3ja milljóna króna styrk til þessara rannsókna gegn því að hún fengi að fylgjast náið með framvindu málsins og hafa nokkur áhrif á hvaða þættir þess yrðu rannsakaðir. Ekki varð þó neitt úr því að Orkustofnun styrkti þessar rannsóknir, því henni barst bréf frá Valdimari K. Jónssyni, dagsett 24. október 1980, þar sem meðal annars segir:

"Mál okkar hafa þróast í þá átt að Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda hefur ákveðið að styrkja þessar rannsóknir á þann hátt sem við höfum lagt til í skýrslu okkar í júlí síðast liðinn um möguleika á eimingu gasolíu úr svartolíu.

Okkur er mikil ánægja ef Orkustofnun vill fylgjast með þessum tilraunum."

Orkustofnun hefur nú borist niðurstaða fyrsta hluta verksins. Niðurstaðan er sú að hægt sé að eima verulegt magn gasolíu um 40%, úr svartolíunni. Tæknilega er því ekkert því til fyrirstöðu að eima gasolíu úr svartolíu.

Markaðsaðstæður hafa hins vegar breyst mjög mikið frá því í sumar:

1. Markaðsverð á svartolíu í Rotterdam hefur hækkað um nær \$100, úr \$153 í \$245 án þess að gasolía hækkaði að nokkru marki.
2. Aukagreiðsla til rússa vegna gæða svartolíunnar hefur hækkað úr \$2.00 í \$17.00 á tonn.
3. Rússar hafa tilkynnt að þeir geti aðeins afhent 110.000 tonn af svartolíu á næsta ári í stað 160-180 þús. tonna sem Íslendingar telja sig þurfa.

1980-12-04

---

4. Óvíst er um áframhald á kaupum á þunnri svartolíu frá Rússlandi.

Eftir að markaðsaðstæður hafa breyst svo mjög eru allar hugmyndir eða áætlanir sem miða að aukinni notkun á léttri rússneskri svartolíu séu mjög varasamar, nema þær borgi sig á mjög skömmum tíma, t.d. 1-3 sinnum.

Hins vegar ber að leggja mikla áherslu á að skipuleggja flutninga svartolíu til landsins og geymslu hennar í landinu þannig að þeir sem þurfa raunverulega á þunnri svartolíu að halda fá hana en hinir, einkum stórir notendur í iðnaði, fá þyngri olíuna. Til þess að svo megi verða er nauðsyn á að olíufélögin geri áætlun um innflutning á svartolíu fyrir næsta ár og geymslu hennar og dreifingu.

Orkustofnun hefur nú gert samning við The Lummus Company Limited, London, um athugun á hagkvæmni olíuhreinsunar á Íslandi. Athugað verður hvaða hráolíu og/eða svartolíu hagkvæmast er að nota sem hráefni miðað við íslenskan markað, og einnig hvort hagkvæmt sé að nota rafgreint vetni til að kljúfa þungar olíur upp í léttari olíur, bensín, gasolíu og þotqueldsneyti. Áætlað er að niðurstaða liggi fyrir snemma á næsta ári.